Heildarafli 2017 / 2018 tillaga LS



Á sumarsólstöðum 2017
fundur LS með

Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

	Ráðgjöf Hafró	Tillaga LS
Þorskur	257,8 Kt	311,6 Kt

Tillaga LS jafngildir 20,8% viðbót við ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar.

LANDSSAMBAND smábátaeigenda

Þorskur - tillaga LS: 311.600 tonn

LS telur ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar allt of varfærna. Þegar saman fer að veiðistofn, hrygningarstofn og nýliðun eru í sögulegu hámarki á skilyrðislaust að túlka aflareglu vítt og nýta allar smugur til útgáfu á auknum heildarafla.

Ráðgjöf LS byggir á að uppreikna aflamark yfirstandandi fiskveiðárs útfrá nýjustu mælingu á stærð veiðistofns. Í stað 1.243 Þt, er byggt á 1.330 Þt sem gefur 8.700 tonna hærra aflamark. Útfrá því aflamarki er ráðgjöf næsta fiskveiðiárs reiknuð samkvæmt 1.356 Þt veiðistofni. Niðurstaða þess eru 261.850 tonn. Að viðbættum 8.700 tonnum verður aflamark 270.050 tonn.

Þorskur - tillaga LS: 311.600 tonn


Til viðbótar framangreindu.

Síðast liðin 6 ár [2011 - 2016] hefur afli verið lægri en 20% af veiðistofni. Uppsafnaður mismunur er 82.100 tonn.
LS leggur til að helmingur hans verði nýttur á fiskveiðiárinu 2017/2018.


Að þessu viðbættu er það tillaga LS að heimilt verði að veiða **311.600** tonn af þorski á næsta fiskveiðiári.

LS leggur gríðarlega áherslu á að ráðherra verði við tillögunni. Útflutningsverðmæti mundu aukast um tugi milljarða og undirbúa markað fyrir íslenskan þorsk fyrir væntanlega aukningu komandi ára.


Þorskveiði sem hlutfall af veiðistofni



Þorskveiði sem hlutfall af veiðistofni



Þorskveiði sem hlutfall af veiðistofni




Heildarafli 2017 / 2018 tillaga LS



	Ráðgjöf Hafró	Tillaga LS
Þorskur	257,8 Þt	311,6 Þt
Leiðrétting vegna vanmats á		
á veiðistofni um 87 Þt alls:		**8.700 t**
Nýtt aflamark 252.700 og		
veiðistofn á árinu 2017 - 1.356 Þt:		
Útreiknað samkv. aflareglu:		**261,9 Þt**
	Alls:	**270,6 Þt**
Viðbót frá frá 2011 - 2016 mismunur		
á afla og 20% af veiðstofni alls 82,1		
50% lagt við áðurreiknað:		**311.600 t**


LANDSSAMBAND smábátaeigenda

Stærð árganga - meðalfjöldi 3 ára nýliða
5 árganga frá upphafi kvótakerfisins




LANDSSAMBAND smábátaeigenda

Fjöldi nýliða hvers þorskárgangs á 10 ára tímabili í milljónum byggt á mælingum við 3 ára aldur. Meðaltal 155 milljónir




LANDSSAMBAND smábátaeigenda

Á tímabilinu 2007 - 2017 hefur viðmiðunarstofn stækkað um 100%. Tíu ára aflaaukning er 46%. Fara þarf til ársins 1980 til viðlíka stærð en það voru veidd 432.237 tonn



LANDSSAMBAND
smábátaeigenda




LANDSSAMBAND smábátaeigenda

Mæling í vorralli Hafró á þunga 5 ára þorsks

Mat á hverjum tíma miðað við árið 2016 - 1.582 g

árgangur 2011



Ýsa - tillaga LS 45 þúsund tonn

Fimmtungs aukning er í réttu samræmi við tillögur LS frá síðasta ári, en þá lagði félagið til að leyfilegur afli yrði 45 þúsund tonn sem var 30% hærra en ráðgjöf Hafrannsókna-stofnununar gerði ráð fyrir.

Ýsan virðist hafa fært sig austur með N-landi og suður með Austfjörðum. Þá er ýsa farin að veiðast í auknum mæli við S-land, t.d. góðir línuróðrar þaðan nú í júní sem er afar fátítt.

Sjómenn í Húnaflóa verða mikið varir við seiði og smáýsu. Þar virðist því vera að vaxa sterkir árgangar sem hægt verður að byggja á í framtíð. Ýsuveiði þar hefur dregist saman og því ekki sama veislan og var 2011-2015 þegar erfiðlega gekk að veiða þorsk vegna ýsu sem meðafla.

Ufsi - tillaga LS: 60.200 tonn

LS gerir ekki athugasemdir við ráðgjöf Hafrannsókna-stofnunar.

Á undanförnum árum hefur útgefið aflamark á ufsa ekki nýst að fullu með veiðum. Munar þar 14.700 tonnum á fiskveiðárunum [2013/2014 - 2015/2016]. Einnig má gera ráð fyrir að afli á yfirstandandi fiskveiðiári verði töluvert undir útgefnu aflamarki.

Skjámynd úr skýrslu Hafrannsóknastofnunar 2017.

	Tillaga	Aflamark	Afli Íslendinga
2013/14	57 000[1)]	57 000	54 300
2014/15	58 000[1)]	58 000	52 100
2015/16	55 000[1)]	55 000	48 900
2016/17	55 000[1)]	55 000	

Steinbítur - tillaga LS: 10.000 tonn

LS er ósammála að draga þurfi úr veiðum á steinbít.

Að sögn smábátaeigenda sem stunda steinbítsveiðar hefur útbreiðslusvæði hans breyst mikið á undanförnum árum. Hann gengur grynnra, inn í vestfirðina og við Strandir. Einnig hefur meira orðið vart við hann fyrir austan land. Það er einróma álit þeirra að stofninn sé að braggast og því eigi að leyfa auknar veiðar.

Rétt er að það komi hér fram að LS fagnar banni við veiðum á þekktum hrygningarslóðum (Látragrunn) og hvetur til að lokunarsvæðið verði stækkað.

Vakin er athygli á verðfalli sem orðið hefur á steinbít sem kann að hafa áhrif á veiðar.

Keila - tillaga LS: 4.400 tonn

LS gerir ekki athugasemdir við ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar.

Mikil breyting hefur orðið á keilugengd á slóðum smábáta. Minna orðið vart við hana og taka sumir svo sterkt til orða að engu sé líkara en hún sé horfin af þekktum slóðum. Hvort hún sé í útrýmingarhættu skal ósagt látið.

Bein sókn í keilu er ekki lengur stunduð. Ástæður nokkrar, auk þess að lítið fæst af henni er engir kaupendur sem tilbúnir eru að greiða það verð sem þarf að fást fyrir hana. Við veiðar á henni er botnlag þannig að líkur eru á veiðafæratjóni. Lítið fæst af henni sem meðafla við línuveiðar.

Langa - tillaga LS: 11.000 tonn

Gríðalegur niðurskurður á aflaheimildum í löngu hefur átt sér stað á undanförnum árum. Úr 16.200 tonnum á fiskveiðiárinu 2015/2016 niður í 9.343 á yfirstandandi fiskveiðiári. 42% lækkun á einu ári.

Smábátaeigendur höfðu greint minnkandi löngugengd og lögðu til á árinu 2015/2016 að veiðiheimildir yrðu lækkaðar í 14 þúsund tonn 14% minna en Hafró lagði til. Afli á árinu varð aðeins 8.584 tonn - hrun virðist hafa orðið, aflinn aðeins um helmingur þess sem heimilt var að veiða.

Að vandlega athuguðu máli er það mat LS að ekki sé tilefni til að fara svo langt niður með leyfilegan heildarafla eins og Hafró leggur til, -47% á tveimur árum.

Grásleppa

Lagt er til í ráðgjöf Hafró að upphafsaflamark verði lækkað um 8,7%. Er það í samræmi við mælingar sem sýna lækkun vísitölu. Samhliða var lagt mat á rauðmaga og mælist vísitala hans slök.

LS hefur gagnrýnt aðferðir Hafró við mælingar og mat á stærð hrognkelsastofnsins.

Upplifun veiðimanna og mælingar LS á yfirstandandi vertíð benda til að stofninn sé að gefa eftir. Veiði á hvern dag hefur minnkað um 40% á milli ára sem er nálægt sögulegu lágmarki og langt umfram niðurstöður Hafró. Andstaða grásleppunefndar LS um fjölgun veiðidaga úr 36 í 46 var því skiljanleg, það bæri að fara varlega.

<u>Blálanga</u> - afli 2016 - 925 tonn
rúmum þúsund tonnum undir ráðgjöf.
LS telur að stjórn með aflamarki eigi ekki við þegar takmarka þarf veiðar á blálöngu, heldur eigi að beita svæðalokunum.

LANDSSAMBAND smábátaeigenda

Fiskveiðiár *Fishing year*	Tillaga *Rec. TAC*	Aflamark *National TAC*	Afli Íslendinga *Catches Iceland*
2010/11	-		6464
2011/12	4000	-	4238
2012/13	3100	-	2996
2013/14	2400	2400	1653
2014/15	3100	3100	1898
2015/16	2550	2550	1734
2016/17	2040	2040	
2017/18	1956		

Skötuselur - tillaga LS: 1.000 tonn


Skötuselur hefur verið brellin þetta árið. Veiði gýs upp tímabundið, en á milli finnst hann ekki. Sjómenn ræða um það sín á milli að hann hann sé nú meira á dýpinu.

Við veiðar kemur í ljós að skötuselurinn er í góðu ástandi, halarnir milli 4 og 5 kg. Meðalþyngdin alltaf að aukast.

Það hefur komið á óvart hversu skötuselur hefur komið í miklum mæli sem meðafli við humarveiðar. Þar er um smáan sel að ræða, halinn milli 1 og 2 kg. Við þessar veiðar hefur sú kenning komist á flug að selurinn hafi verið í humarveislu undanfarin ár, sem gæti verið ein af orsökum lélegrar nýliðunar.

Tilgáta er um að skötuselur sé að hafa áhrif á nýliðun í humri - óvenjumikið um smáan skötusel sem meðafla hjá humarbátum

LANDSSAMBAND smábátaeigenda



Heildarafli 2017 / 2018 tillaga LS



	Ráðgjöf Hafró	Tillaga LS
Þorskur	257,8 Kt	311,6 Kt
Ýsa	41,4 Kt	45,0 Kt
Ufsi	60,2 Kt	60,2 Kt
Steinbítur	8,5 Kt	10,0 Kt
Keila	4,4 Kt	4,4 Kt
Langa	8,6 Kt	11,0 Kt
Grásleppa	1,85 Kt	
Blálanga	1,96 Kt	1,96 Kt
Skötuselur	853 t	1.000 t



LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

Takk fyrir

